

## 17. fundur skólaráðs – 26. nóvember 2024

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Hákon Steinsson fulltrúi foreldra, Alma Auðunardóttir fulltrúi kennara, Þorgeir Ragnarsson fulltrúi annarra starfsmanna og Magnea Dís fulltrúi grendarsamfélagsins. Fulltrúar nemenda voru þær Emilía Rós Arngrímsdóttir og Fríða Emilía Davíðsdóttir. Sunna Dís Kristjánsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll. Íris Huld Christersdóttir fulltrúi foreldra mætti ekki.

### Dagskrá:

1. **Símareglur** – umræður um leiðbeinandi reglur sem mennta- og lýðheilsusvið hefur sett fram eftir samráð við foreldraráð. Skólaráði lýst ágætlega á þetta en óskar eftir umsögn og umræðum frá stjórn foreldrafélagsins og nemendaráði.
2. **Upplýsingar frá skóla til foreldra** – umræður um hvað vettvangur sé bestur til að ná til foreldra. Fulltrúi foreldra lagði áherslu á að mikilvægar upplýsingar (eins og t.d. foreldrasamráð og starfsdagar) væru efst í póstum og að póstar þar sem opna þurfi viðhengi með löngum texta væru sísta leiðin til að ná til foreldra. Það kom fram að fréttabréfin væru góð og þessi stuttu föstudagsfréttabréf frá umsjónarkennurum, gaman að sjá myndir. Fram kom að mikilvægir þættir mega líka vera í tölvupóstinum sjálfum ekki bara inni í fréttabréfinu. Skólinn mun fljótlega stofna Instagram og Facebook síður þar sem stutt innlegg úr skólastarfinu koma fram. Skólinn verður profuskóli með þessa miðla og er hugmyndin að gefa meira innsýn inn í starf skólans.
3. **Læsir** – umræður um tilraun skólans um skráningu heimalesturs. Almenn ánægja er meðal þeirra sem tjáðu sig um Læsir og þekkja hann.
4. **Breytingar á Aðalnámskrá grunnskóla** – Umræður um breytingar á Aðalnámskrá grunnskóla sem fela meðal annars í sér breytingar um undanþágu frá skólasókn (leyfi nemenda). Eftir breytingarnar verður það í höndum skólastjóra að veita leyfi og leiðbeinandi reglur gera ráð fyrir að ríka ástæðu þurfi til að fá leyfi frá skólasókn.
5. **Nýjar niðurstöður úr Skólapúlsinum**. Skólastjóri fór yfir niðurstöður úr skólapúlsinum. Líðan nemenda heldur áfram að aukast og er yfir landsmeðaltal í öllum árgöngum nema einum þar sem það er rétt undir (-0,2). Ánægja af lestri og ánægja með skólann sinn hækkar líka milli ára. Í 6.-7. bekk er sjálfsálit og vellíðan komið yfir landsmeðaltal en það vantar upp á trú þeirra á eigin getu og vinnubrögð. Gaman er að sjá að einelti er á undanhaldi og er í dag á landsmeðaltali, en betur má ef duga skal.
6. **Niðurstöður úr lesskimun í 1. bekk**. Skólastjóri fór yfir nýjar niðurstöður úr lesskimun í 1. bekk sem koma mjög vel út. Markmið Hafnarfjarðar er í öllum þáttum að ekki séu fleiri en 22% nemenda í áhættu hópi 1 og 2 í hverjum þætti fyrir sig. Niðurstöður fyrir Engidalsskóla eru eftirfarandi:

Málskilningur 19,23% (Hafnarfjörður 31,98%)

Hljóðkerfisvitund 23,07% (Hafnarfjörður 29,95%)

Stafapekking 23,07 (Hafnarfjörður 23,55%)

Fundi slitið kl. 9:15